



-Hólmur í mynni Laxárdals- Skáli

Skýrsla VII



Bjarni F. Einarsson
2006

Forsíðumyndin sýnir yfirlit yfir skálann eftir rannsókn. Sjá má blótstaðinn undir sjávarkambinum í bakgrunni myndarinnar (grænn blettur rétt neðan við efri brún sjávarkambsins. Ljós. BFE. Stafrænar myndir nr. 245.

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Desember 2006.

Inngangur

Rannsóknin í Hólmi sumarið 2006 var beint framhald af fyrri rannsóknum undirritaðs á staðnum sumrin 1996 – 2002, með hléum. Þeim hefur öllum verið gerð skil í skýrslum (Bjarni F. Einarsson 1996, 1998(a), 2000(a), 2001, 2002 og 2003) og grein í Skaftfellingi 1998 (Sami 1998(b)). Um aðdraganda rannsókna, umhverfi og sögu staðarins, er vísað í ofangreindar heimildir.

Þegar eiginlegar rannsóknir í Hólmi hófust sumarið 1997, að undangengnum forrannsóknum sumarið áður, var ekki vitað um nákvæma staðsetningu skálans þó sjálft bæjarstæðið væri fundið. Var talsverðum tíma og mikilli vinnu eytt í að finna sjálfan skálann, en án árangurs lengi vel. Það var svo næst síðasta dag rannsókna sumarið 2001 að prufuhola nálægt X 221 Y 174 (prufuhola 11) gaf svo góð fyrirheit um að skálinn gæti verið fundinn, að sumarið þar á eftir var allt kapp lagt á að finna skálann og ekkert annað (Sami 2003:3). Þetta gekk eftir, en ekki tókst að klára skálann þá. Ljóst var að skálinn var nokkuð skaddaður af rofi, trúlega vatnsrofi og jafnvel vindrofi. Um stærð skálans var ekki hægt að segja neitt með vissu, en þó lá fyrir að hann var 5,7 – 5,8 m breiður að utanmáli og 3,7 – 3,8 m að innanmáli. Lengd skálans var talin eigi styttri en 15 m (Sami 2003:6).

Markmið rannsókna sumarið 2006 var þríþætt. Í fyrsta lagi að bjarga skálanum frá glötun. Í öðru lagi að rannsaka hann með tilliti til formgerðar, byggingartækni og uppruna og í þriðja lagi að rannsaka hann með það í huga að hægt verði að endurgera hann á staðnum síðar meir, eins og gert hefur verið við blótstaðinn að hluta. Hvort þessi endurgerð verði á upprunalegum stað eða í næsta nágrenni við hann verður ákveðið síðar.

Að auki er mikilvægt fyrir nánari skilning á blótstaðnum að sjálft bæjarstæðið sem blótstaðurinn tilheyrði, verði rannsakað. Þannig fæst heildrænt yfirlit yfir bæ og blótstað frá fyrstu árum byggðar í landinu. Slíkt hefur ekki verið gert áður, hvorki hérlendis né erlendis þegar kemur að víkingaaldar minjum. Rannsóknin í Hólmi ætti því að hafa talsverða þýðingu fyrir norræna fornleifafræði.



Mynd 1. Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýslu. Úr Uppdráttur Íslands. Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.

Rannsóknirnar árið 2006 hófust þann 17. ágúst og stóðu yfir í sjö daga. Auk undirritaðs unnu við rannsóknirnar fornleifafræðinemarnir Sandra Sif Einarsdóttir, Guðbjörg Melsted, Sindri Ellertsson, Ármann Guðmundsson og Inga Hlín Valdimarsdóttir ásamt Birni G. Arnarsyni safnverði hjá Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Styrktaraðilar rannsókna voru Fornleifasjóður, Sveitarfélagið Hornafjörður, Menningarmiðstöð Hornafjarðar og Fornleifafræðistofan. Er öllum þessum aðilum færðar hinar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Vinnufélögum mínum vil ég þó færa sérstakar þakkir fyrir dugnað og áhuga venju samkvæmt.

Þessi skýrsla er að hluta til unnin upp úr skýrslu VI (Sami 2003). Lýsingar á einstökum mannvirkjum svo sem langeld, stoðarholum o.s.frv. er haldið og skeytt við þær og þeim breytt eftir því sem tilefni var til. Hér er því heildarlýsing á sjálfum skálanum.


Uppgröftur

Notað var sama hæða- og hnitakerfi og áður og númer gripa var í beinu framhaldi af fyrri númerum. Sama á við um aðra lista eða skrár, svo sem ljósmyndir. Teknar voru litskyggjur og stafrænar myndir auk þess sem rannsóknin var kvikmynduð á stafrænan hátt.

Snið voru ekki teiknuð, en jarðlög eru í stórum dráttum eins og áður hefur komið fram sbr. myndir 10 - 12 og 14 í skýrslu II (Ibid 1998(a)).

Á bæjarstæðinu voru fyrst grafnar fimm prufuholur í ágúst 1996 (Ibid 1997). Á grundvelli niðurstaðna þá hófst eiginlegur uppgröftur sumarið þar á eftir eins og áður greinir. Þá voru m. a. opnaðir þrír stærri reitir, reitir A - C, auk minni reitar D. Samtals voru um 140 fermetrar opnaðir þá.

Nokkur hús fundust, en aðeins eitt þeirra rannsakað til hlítar eða því sem næst (hús 1) í reit A og B. Önnur hús sem bíða frekari rannsókna eru hús 3 og hús 4. Það sem áður hefur verið talið vera hús 2 er ekki hús, heldur mannvistarlag á milli húsa. Hús 3 er í talsverðri hættu vegna rofs, en það er staðsett á rofabakkanum svipað og skálinn. Ekki liggur ljóst fyrir hvort það hefur skaddast enn eða ekki. Hús þetta hafði áður óþekkta byggingarþætti hvað torftækni varðar, en veggir þess voru hlaðnir úr streng sem lá þvert á stefnu hússins, einskona þverstreng. Sama kom í ljós í veggjum skálans.



Mynd 2. Hið kannaða svæði við skálann eins og það leit út eftir rannsóknina 2002.

Skálinn

Ekki er hægt að tilgreina lengd skálans svo að öruggt sé, en líklega hefur hann verið um 15 - 16 m langur að utanmáli, eða um 14 – 15 m að innanmáli. NA - endi hans er eyddur vegna rofs. Breidd skálans er a.m.k. 5,7 - 5,8 m að utanmáli og 3,7 - 3,8 m að innanmáli. Þykkt veggja var um 1 m þar sem hún var greinanleg. Breiðastur var veggurinn 1,12 m austur af langeld. Hlutfall lengdar og breiddar (L/Br) ætti því að vera um 3,7 – 4.


Nokkrir skálar frá því fyrir 1000 AD eru minni en skálinn í Hólmi. Fyrstan má nefna skálann á Grelutóttum í Arnarfirði. Hann var 5,40 m þar sem hann var breiðastur og 13,40 m langur að innanmáli. Hlutfall lengdar og breiddar er um 2,5. Hann er með öðrum orðum talsvert breiðari, en skálinn í Hólmi, en styttri. Set voru með skálanum á Grelutóttum öllum að dyrum undanskildum (Guðmundur Ólafsson 1980:32 og flatarteikning).

Í Vestmannaeyjum fundust þrjár skálar, þar af einn sem var bæði skáli og fjós. Elsti skálinn (Hús I) var 3,5 x 8 m að innanmáli. L/Br hlutfallið er því um 2,3. Ytri mál skálans voru 6 x 12 m. Ekki er getið um set í skálanum (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989:9-10).

Annar skáli (Hús VIII) var 3,4 x 9,8 m að innanmáli. L/Br. hlutfallið er því um 2,9. Norður endi þessa húss var fjós. Ytri mál hússins voru um 6 x 13,5 m. Ekki er getið um set í skálanum (Ibid 1989:15-16).

Yngsti skálinn í Vestmannaeyjum (Hús V) var 3,5 x 10 m að innanmáli og L/Br stuðullinn því um 2,85. Ytri mál hússins voru 6,8 x 13,6 m. (Ibid 1989:13). Set var með öllum veggjum nema norður gafli.

Þetta teljast því einnig nokkuð breiðir skálar á miðað við lengd. Þessir skálar eru einu skálar landsins sem ekki hafa langeld.



Mynd 3. Skálinn í Hólmi eftir rannsóknina sumarið 2006. Ekki er hægt að útiloka viðbyggingu við gaflinn né við dyr mót suðaustri. Þar þarf að rannsaka betur. Á myndinni er dreifing gripa sýnd.

Í Sveigakoti í Mývatnssveit var elsti skálinn (mannvirki (*Structure*) 4) 5 x 12-15 m að innanmáli (Milek 2003:23). L/Br. stuðull hússins var því á bilinu 2,4 – 3. Set voru með báðum langveggjum um allt húsið skv. flatarteikningu (Ibid 2003:17).


Á Eiríksstöðum í Haukadál var upphaflegur skáli um fjögurra metra breiður og 10 m langur að innanmáli. (Guðmundur Ólafsson 1998:25 og 27). Stuðullinn hefur því verið 2,5. Yngra skeið hússins var 4 x 12,5 m og stuðullinn þá 3,13.

Goðatættur II, skáli í Papey, var um 3,8 x 15 m (Kristján Eldjárn 1989:147-48). Stuðull hússins er um 3,95 sem gerir það að mjóu húsi svipað og skálinn í Hólmi.

Þrennar dyr gætu hafa verið á skálanum í Hólmi. Öruggar dyr voru norðarlega á austurvegg og á suður gafli. Hugsanlega voru einnig dyr sunnarlega á vesturvegg. Í fyrsta lagi sást veggur ekki í sniði skurðar sem þar var grafinn 2002. Í öðru lagi voru nokkrir gripir á þeim slóðum sem benda til að þar hafi verið dyr og í þriðja lagi lá meint bæjarhella í næsta nágrenni við hinar meintu dyr. Nánar verður vikið að dyrunum á gafli skálans síðar í skýrslunni.

Stefna skálans er hin sama og stefna Laxárdals sem er NA - SV. Slíkt er altítt um víkingaaldarskála sem byggðir hafa verið í dölum og rannsakaðir hafa verið hér á landi svo sem Hofstaðir í Mývatnssveit (Brunn og Jónsson 1909), Grelutóttir í Arnarfirði (Guðmundur Ólafsson 1980), Granastaðir á Eyjafjarðardal (Bjarni F. Einarsson 1995(a)), Ísleifsstaðir í Borgarfirði (Stenberger 1943) og Hali í Mývatnssveit (Bjarni F. Einarsson og Magnús Á. Sigurgeirsson 1995).

Sumarið 2002 fundust tvær stoðarholur í skálanum (nr. 1 og 2). Nú fannst aðeins ein stoðarhola í viðbót (nr. 3). Var hún 0,23 – 0,25 m í þvermál og um 5 – 7 sm djúp. Líklega hafa stoðarsteinar eða hellur verið undir þeim stoðum sem ekki fundust nein ummerki um. Ef við reynum að staðsetja þakberandi stoðir skv. þeim vísbendingum sem þrátt fyrir allt eru fyrir hendi þá lítur það út eins og á mynd 4. Allavega er eitt stafgólf í viðbót til norðurs og hafa stafgólfin því verið sex, sennilega þó sjö.



Mynd 4. Tilgáta um þakberandi stoðir (rauðir hringir) og set í skálanum í Hólmi. Teikn. BFE.

Áður höfðu fundist níu pinnaholur, en nú bættust tvær við í suðurenda hússins.

Í skýrslu VI um Hólmi (Bjarni F. Einarsson 2003) er bent á að set virtist ekki hafa verið vestan megin í skálanum. (2003:8). Ekkert kom í ljós 2006 sem breytti þessari ályktun. Við nánari rannsókn á setinu við austurhlið skálans var niðurstaðan sú að það náði allavega frá dyrunum á austurgafli og suður að norður enda stéttarinnar sem lá frá dyrum á gafli inn miðskip skálans (mynd 4). Var setið úr mold og torfi. Svo virðist sem fyrst hafi verið grafið niður í grassvörðinn fyrir innri línu veggjanna. Svo hafi setin verið byggð upp úr mold og torfi. Torfið virðist hafa verið afgangur úr veggjatorfinu, hugsanlega þegar innri veggur var snyrtur.



Mynd 5. Horft yfir miðju skálans. Langeldur á gólfi, set, veggur og torfafskurður fremst. Ljós. BFE. Stafrænar myndir nr. 228. Horft mót NV.

Dyr á gafli

Dyr á göflum víkingaaldar skála eru fátíðar. Þekktastar eru dyr á göflum tveggja húsa í Vestmannaeyjum (Margrét Hermanns-Auðardóttir 1989.Fig. 1:1). Munurinn á þeim og gafldyrum skálans í Hólmi er að í Vestmannaeyjum eru ekki jafn langir kampar út frá dyrunum sem þýðir styttri göng. Á skálanum í Aðalstræti 14 í Reykjavík eru taldar vera dyr til vesturs. Þetta hafa verið frekar veigalitlar dyr ef þær hafa þá nokkurn tíman verið til (dreg þær mjög í efa). Á húsi sem kallast Goðatættur I í Papey

voru dyr á gaflí (Kristján Eldjárn 1989:131). Hús þetta svipar nokkuð til húss VIII í Vestmannaeyjum, en það var bæði fjós og mannabústaður. Þó er ekki víst að húsið í Papey hafi verið nokkuð annað en fjós. Fjósdyr á gaflí á húsum frá víkingaöld og síðar eru vel þekktar víða á Íslandi.

Dyraumbúnaðurinn er með nokkuð sérkennilegum hætti, þ.e.a.s. kumpurinn sem myndar einskonar göng út frá dyrunum. Slík göng þekki ég aðeins frá Skallakoti í Þjórsárdal (Roussell 1943:58) og Grelutóttum í Arnarfirði (Guðmundur Ólafsson 1980:32). Besta dæmið er þó frá Írksubúðum á Snæfellsnesi þar sem veggur gekk út öðru megin (Bjarni F. Einarsson 2000b:15 mm) um 2,2 m á lengd. Þessi umbúnaður er vel þekktur á Norðurlöndum, en þó úr öðrum efnum.

Nokkur munur er á veggjatorfinu í veggjum skálans og útskotinu. Trúlega er útskotið byggt síðar. Ef mynd 6 er skoðuð nánar kemur í ljós að svört gjóska er þar nokkuð áberandi í útskotinu, en hana er ekki hægt að sjá í veggjunum.

Stétt og gólf

Í skýrslu VI er getum að því leitt að stéttin kunni að hafa leitt að dyrum á austurvegg. Nánari rannsókn leiddi í ljós að svo var ekki, heldur lá stéttin til suðurs, eða SA, og beint út um gaflinn á húsinu.

Með stéttinni að vestan voru lábarðir steinar sem mynduðu einskonar línu með stéttinni. Þetta gæti verið undirstaða þils, eða afmörkun á einhverju sértæku rými. Þar sem stéttin endaði til norðurs í miðskipi eru hellur sem gefa í skyn að þarna hafi endinn verið. Þar gætu því hafa verið stoðir sín hvoru megin og jafnvel þverþil. Stéttin hefur þá náð yfir tvö stafgólf.

Stétt af þessu tagi (í víkingaaldar skála og út úr honum) þekki ég aðeins frá Vestmannaeyjum, en þar var stétt út um gafl á húsi (Hús VIII) sem var bæði fjós og skáli eða mannabústaður (Margrét Hermannsdóttir 1989. Fig. 1:1). Að öðru leyti eru



Mynd 6. Stéttin sem liggur út úr skálanum til suðvesturs. Sjá má lábarða steina lengst frá t.v. Langeldur efst. Hægra megin á myndinni má sjá H3 lagið undir torfveggnum. Ljós. BFE. Stafrænar myndir nr. 243. Horft mót NA.

svona stéttir þekktar á mörgum fjósum, bæði frá víkingaöld og yngri húsum.

Það sem mælir mjög í móti því að suður endi skálans hafi verið fjós er að dyrnar eru talsvert hærri en gólfið fyrir innan. Má segja að lægstur sé langeldurinn og svo halli gólfinu upp í allar áttir, mest þó að miðbiki dyranna á gaflinum þar sem það tekur lárétta stefnu. Er hæðarmunurinn á gólfinu við langeld og miðbiki dyranna 0,44 m. Þetta þýðir að eiginlegur flór hefur ekki verið til staðar. Þá má velta þeim möguleika fyrir sér að aðrar skepnur en kýr hafi verið hafðar í þessum enda hússins, t. d. hestar stöku sinnum.

Gólfið í skálanum var vel trampað og fullt af viðarkolum og brenndum beinum. Undir veggjum var gult eða gulhvítt gjóskulag, sem hefur sést um allt bæjarstæðið. Nú er ljóst að grafið hefur verið í gegnum þetta gjóskulag þegar skálinn var byggður, þó ekki undir veggstæðinu sjálfu. Þar hefur sýnilega verið grafið niður að þessu gula gjóskulagi. Lag þetta er nær örugglega H3 (Hekla 3) sem féll fyrir um 2900 árum.

Langeldur

Í miðlínu skálans (langsnið) var langeldurinn. Var hann um 0,6 - 0,74 m breiður og 1,4 m langur. Var hann greinilega afmarkaður frá gólfinu með niðurgreftri auk lárétta eða liggjandi hellna og nokkurra sem stóðu á rönd við endimörk langeldsins. SV – hluti hans var þó rýrari á steina/hellur, en þar var greinilegur niðurgröftur. 0,4 m NA af langeldinum var grunn hola full af samskonar efni og í langeldinum (viðarkol, sót og aska) og í henni var ein sótug hella. Við nánari könnun kom í ljós að þetta var nokkurra sentimetra djúp hola sem var hluti af sjálfu gólfinu. Hellan gæti hafa komið úr langeldinum. Langeldurinn náði ekki svona langt eins og ýjað er að í fyrri skýrslu (skýrsla VI 2003).

Langeldurinn telst frekar stuttur, en hann var mjög svipaður langeld í skála í Aðalstræti 18 í Reykjavík, sem grafinn var 1972 – 1975 (Nordahl 1988:31f). Sá var 0,6 breiður og 1,4 m langur. Langeldur í skála við Suðurgötu 3 – 5 í Reykjavík var 0,75 x 1,2 m stór (Ibid 1988:63). Um lengd þessara skála verður ekkert sagt. Um báða langeldana hefur Nordahl sagt að þeir væru fyrstu vísbendingar um langeld sem væru opnir í annan endann (engar hellur fyrir) vegna þess að þar væru drumbar lagðir við eldstæðið og þeim svo ýtt smám saman í eldinn (Ibid 1988:63-64). Þannig mætti spara eldivið og slík ráðstöfun hlýtur að gagnast rekavið einkar vel (þar af þessar háu C-14 aldursgreiningar?). Langeldurinn í Hólmi var þessarar gerðar.

Langeldurinn í Goðatóttum II í Papey var 0,65 m breiður og 1,40 m langur. Við annan endann var þverhella, en hinum megin voru lábarðir steinar (Kristján Eldjárn 1989:149).

Á Sveigakoti var langeldur (sá yngri af tveimur) í mannvirki 4 (*Structure 4*) 0,6 m breiður og 1 m langur (Milek 2003:20). Skv. ljósmynd á bls. 21 var hann opinn í annan endann.

Eldri langeldurinn á Eiríksstöðum var 0,6 x 1,6 m (Guðmundur Ólafsson 1989:20). Yngri langeldurinn var 0,6 x 2 m. Langeldurinn svipar mjög til langeldsins í Hólmi sbr. ljósmynd á bls. 22 (Ibid 1998).

Sé þessi áhugaverða hugmynd Elsu rétt um að rekaviður hafi verið notaður til eldiviðar verður að sýna fyllstu varkárni þegar sýni úr langeldum eru tekin til C-14 aldursgreininga.

Stoðarholur

Eins og áður hefur komið fram fundust aðeins þrjár stoðarholur. Voru tvær þeirra steinfóðraðar og ein ófóðruð. Aðrar stoðir hafa vafalaust hvílt á stoðarsteinum. Gætu tveir þeirra verið austan við stoðarholur 1 og 2, þó líklega aðeins hreyfðir. Hugsanlega, þó það sé ekki líklegt, voru stoðirnar á börmum stéttarinnar þar sem hún liggur út úr húsinu til suðvesturs.

Veggir

Veggirnir í skálanum eru úr hreinu torfi og eru hlaðnir á samskonar máta og sást í húsi 3, þ. e. a. s. með þverstæðum streng (Bjarni F. Einarsson 2002). Mér vitanlega hefur þessi hleðslutækni ekki verið lýst annarstaðar. Hleðslan er þannig að torfstrengur er lagður þvert á stefnu hússins og vísar þá annar endinn inn og hinn út. Þegar veggjahleðslunni var lokið voru veggirnir trúlega snyrtir með því að skera umframefni af. Þannig var setið við



Mynd 7. Efst sést þvert á torfvegginn og fyrir neðan hann eru afskurðirnir. Dökka gjóskan sem sést í afskurðinum, en ekki veggnum er enn óútskýrð. Ljós. BFE. Stafrænar myndir nr. 240. Horft til NV.

austurvegginn trúlega gert eins og getið var hér að framan. Að utanverðu mátti sjá samskonar fyrirbæri (sjá ljósmyndir). Þessu má líkja við byggingu timburhúsa í nágrannalöndum okkar þar sem efni var sniðið til á byggingarstaðnum og leifarnar af því finnst svo við fornleifarannsóknir.

Á bæjarstæðinu hafa því fundist þrjár hleðslutegundir, hefðbundinn strengur (Hús 1), hnausar (Hús 4) og þverstæður strengur (Hús 3 og 5, skála). Hið ljósa gjóskulag, sem talið er vera 2900 ára gamalt sást í veggjum annarra húsa.

Gripir

Gripir þeir sem nú bættust við voru nokkuð einsleitir, þ.e.a.s. fáar tegundir gripa. Þeir voru þrjár kljásteynar, tvö grýtubrot úr klébergi, þrjú óræð járnbrot, 14 skrautsteynar og eitt brýni. Samtals hafa því fundist býsna margir gripir á bæjarstæði Hólms. Ef einungis eru taldir gripir sem hafa fundist í skálanum lítur dæmið út eins og fram kemur í töflu 2.

Kljásteynar	12 + 3 = 15	Steynar	7
Naglar	5	Eldsláttusteynar	7
Hnoðnaglar	4	Skrautsteynar	5 + 14 = 19
Grýtur	4 + 2 = 6	Unnir steynar	2
Hamarshaus	1	Teinn/nagli	1
Flaga úr ópal	1	Flaga úr hrafntinnu	1
Flaga úr tinnu	1	Skífa	1
Kambur	1	Teinn/gjall	1
Lóð	1	Skeífa (ung)	1
Hnífur	1	Sívalningur	1
Snældusnúður	3	Gjall	1
Járnband með hnoði	1	Krókur	1
Kléberg	1	Brýni	6 + 1 = 7
Járn	1 + 3 = 4	Vaðsteinn	1
Hella (bökuarhella?)	1	Deigla	1

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa, sem fundist hafa frá upphafi rannsókna á bæjarstæði Hólms. Feitletrað sýnir gripi fundna sumarið 2006. Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiningu. Lausafundir eru taldir með í töflunni.

Kljásteynar	4	Steynar (sívalir)	2
Eldsláttusteynar	3	Vaðsteinn	1
Skrautsteynar	6	Deigla	1
Grýtur	2	Hella (bökuarhella?)	1
Snældusnúður	2	Járn	4
Krókur	1	Brýni	6

Tafla 2. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa, sem fundist hafa í skálanum. Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiningu.

Samanborið við aðra skála frá svipuðum tíma eru þetta all margir gripir, jafnvel mjög margir (sjá nánar fyrri skýrslu VI).


Niðurstaða

Nú er skálinn sjálfur fullgrafinn. Ekki var þó hægt að útiloka að viðbyggingar væru við hann á tveimur stöðum, annarsvegar við suðvestur gafl og hins vegar við norðaustur enda.

Vænn hluti af norðaustur hluta skálans er farinn í veður og vind. Því verður að áætla lengd skálans út frá boganum á langhliðunum þannig að endarnir sín hvoru megin verði jafn breiðir, eða þar um bil. Staðsetning langeldsins er ekki góð vísbending vegna þess að þeir eru ekki endilega í miðjum skála, heldur voru þeir í miðju síns herbergis, og þau voru a.m.k. þrjú, ef ekki fleiri.

Helsta byggingartæknilega nýjungin, sem skálinn í Hólmi varpar ljósi á, er hinn svokallaði þverstrengur í veggjum hans. Eins má halda því fram að suðvestur endi hans sé talsvert frábrugðin öðrum skálum með svipaða stétt og dyr út úr skála. Það er ólíklegt að þessi hluti hans hafi verið fjós þó ekki verði sagt með vissu hvers kyns hann hafi verið.

Næsta skref rannsókna verður að kanna til hlítar hvort viðbyggingar fyrirfinnist við skálann og að halda áfram rannsóknum á aðalhúsaþyrpingunni um 60 m austur. Þar eru helstu viðfangsefni hús 3 og hús 4 (sjá mynd 8). Ekki er alveg hægt að útiloka að hús 3 nái ekki í skurðinn eins og mynd 8 sýnir. Það hús er með samskonar torfi í veggjum og skálinn, þ.e.a.s. þverstaðum streng. Var það í fyrsta sinni sem undirritaður rakst á slíka lausn hér á landi.



Mynd 8. Húsaþyrpingin um 60 m austur af skálanum. Hús 1 var rétt neðan við stóra reitinn. Hús 2 reyndis vera mannvistarlag á milli húsa. (Úr Bjarni F. Einarsson 2002:20).

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995(a).
- Ibid. Fornleifarannsókn í Aðalstræti 12 1993. Rannsóknarsaga, endurmat og landnám. *Skýrslur Árbæjarsafns XLIX*. Reykjavík 1995(b).
- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals - Skýrsla yfir prufurannsóknir á fornbylínu Hólmur í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu*, 13. - 16. ágúst 1996. Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1997.
- Ibid. (a) *-Hólmur í mynni laxárdals- II. Skýrsla yfir fornleifarannsókn á fornbylínu Hólmi og kumli í mynni Laxárdals, Austur Skaftafellssýslu*, 26. júní t. o. m. 18. júlí 1997. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 1998.
- Ibid. (b) „Hólmur. Kuml og landnámsbær í mynni Laxárdals í Nesjum.“ *Skaftafellingur. Þættir úr Austur-Skaftafellssýslu*. 12. árgangur. Höfn 1998.
- Ibid. (a) *-Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir [Selhrygg]*. Skýrsla III. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2000.
- Ibid. (b) Írskubúðir. Landnámsbýli á utanverðu Snæfellsnesi. Skýrsla um fornleifarannsóknir haustið 1999. II. skýrsla. Fornleifafræðistofan 2000.
- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús undir Selhryggnum*. Skýrsla IV. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2001.

- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals. Blóthús og bæjarstæði undir Selhrygg.* Skýrsla V. Viðauki: Vindás/Hof. Forn rúst á Steinadal í Suðursveit. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2002.
- Ibid. *-Hólmur í mynni Laxárdals. Leit að skála á bæjarstæði.* Skýrsla VI. Viðauki: Interessanta vaxtmakrofossil har þátráffats í Hólmur. Annika Söderlind. Óbirt rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2003.
- Bjarni F. Einarsson & Magnús Á. Sigurgeirsson. *Forkannanir á fornbylínu Hala í Hlíðardal í Þingeyjarsýslu 1994 - 1995. Frumskráning, frumteiknun, prufuholur og greining gjósku.* Óbirt rannsóknarskýrsla. Reykjavík 1995.
- Bruun, Daniel & Finnur Jónsson „Om hove og hovudgravninger på Island.“ *Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og Historie 1909.* Udgivet af det kongelige nordiske oldskrift-selskab. II. Række. 24 Bind. København 1909.
- Guðmundur Ólafsson. „Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1979.* Reykjavík 1980.
- Ibid. *Eiríksstaðir í Haukadal. Fornleifarannsókn á skálarúst.* Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 1998:11. Reykjavík.
- Íslenskt fornbréfasafn.* Annað bindi 253 - 1350. Kaupmannahöfn 1893.
- Kristján Eldjárn. „Papey. Fornleifarannsóknir 1967 – 1981. Guðrún Sveinbjarnardóttir bjó til prentunar og samdi viðauka.“ ^a *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1988.* Reykjavík 1989.
- Landnámabók Íslands.* Einar Arnórsson bjó til prentunar. Reykjavík 1948.
- Margrét Hermanns-Auðardóttir. *Íslands tidiga bosättning. Studier med utgångspunkt i merovingertida-vikingatida gårdslämningar i Herjólfsdalur, Vestmannaeyjar, Island.* Reykjavík 1989.
- Milek, Karen. „Sveigakot 2001. Area S – long house“ *Archaeological investigation at Sveigakot 2001.* Ed. Orri Vésteinsson. Handrit. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2002. Bls. 8-28.
- Ibid. „Area S Interim Report“ *Archaeological investigation at Sveigakot 2002.* Ed. Orri Vésteinsson. Handrit. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2003. Bls. 7-33.
- Nordahl, Else. *Reykjavík from the archaeological point of view.* Aun 12. Uppsala 1988.
- Roussell, Aage. „Stöng, Þjórsárdalur.“ *Forntida gårdar í Island.* Ed. M. Stenberger. København 1943.
- Stenberger, Mårten. „Ísleifsstaðir, Borgarfjarðarsýsla.“ *Forntida gårdar í Island.* Red. M. Stenberger. København 1943.
- Sýslu og sóknarlýsingar.* Skaftafellssýsla. Reykjavík 1997.
- Uppdráttur Íslands.* Blað 106. Landmælingar Íslands 2000.
- Þór Magnússon. „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1972.* Reykjavík 1973.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Bæjarstæði fornbylisins Hólms í Laxárdal í Nesjum, A-Skaftafellssýslu.

Staðfræðikort og/eða önnur kort

Uppdráttur Íslands. Aðalkort. Blað 9 (E2n). Suðausturland. Landmælingar Íslands 1976.

Verkkaupandi/kostunaraðili

Fornleifasjóður, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Sveitarfélagið Hornafjörður og Fornleifafræðistofan.

Ábyrgðaraðili:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

2. júní 2006.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Aðstoðarmenn:

Sandra Sif Einarsdóttir, fornleifafræðinem.
Guðbjörg Melsted, fornleifafræðinemi.
Sindri Ellertsson, fornleifafræðinemi.
Ármann Guðmundsson, fornleifafræðinemi.
Inga Hlín Valdimarsdóttir, fornleifafræðinemi.
Björn G. Arnarsson safnvörður á Sýslusafni Hornafjarðar.

Forvarsla:

Þjóðminjasafn Íslands.

Rannsóknartími:

17. ágúst - 25. ágúst 2006.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Upplýsingar liggja ekki fyrir.

Geymsla gagna:

Öll gögn verða geymd á Fornleifafræðistofunni þar til annað verður ákveðið.

Skýrsla hjá:

M.a. Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Hornafjarðarbæ, Fornleifavernd ríkisins, og Fornleifafræðistofunni.

Skrár

1	<i>Sýnaskrá</i>	<i>bls 16</i>
2	<i>Fundaskrá bæjarstæðis 1997 - 2006</i>	<i>bls 17</i>
3	<i>Ljósmyndaskrá, litskyggnur 2006</i>	<i>bls 20</i>
4	<i>Stafrænar ljósmyndir 2006</i>	<i>bls 23</i>

Sýnaskrá








Nr.	Dags	Teg. sýnis	Greining?	Gr.	
34	24.8.2006	Viðarkol	C-14	-	
Niðurstæða				Mannvirki	
				Hús 5 Skáli	
X	Y	Z	Dýpi	Lag	Númer lags
226,50	178,05	18,80	-	M-lag	-

Nr.	Dags	Teg. sýnis	Greining?	Gr.	
35	24.8.2006	Gólfslag	Innihald	-	
Niðurstæða				Mannvirki	
				Hús 5 Skáli	
X	Y	Z	Dýpi	Lag	Númer lags
220,62	171,20	18,74	-	Gólf	-








Nr.	Dags	Teg. sýnis	Greining?	Gr.	
36	25.8.2006	Viðarkol	C-14	-	
Niðurstæða				Mannvirki	
				Hús 5 Skáli	
X	Y	Z	Dýpi	Lag	Númer lags
-	-	-	-	M-lag	

Nr.	Dags	Teg. sýnis	Greining?	Gr.	
37	25.8.2006	Viðarkol	C-14	-	
Niðurstæða				Mannvirki	
Ekki heillegir viðarkolamolar og ekki heppilegt til C-14 greiningar				Hús 5 Skáli	
X	Y	Z	Dýpi	Lag	Númer lags
-	-	-	-	M-lag	






Fundaskrá bæjarstæðis

	Heiti	Lag	Nr. lags	Fj.	G	
84	Grýta Efniviður Kléberg	Gólf		1	162,4	
Dags	Mannvirki	Athugasemdir				
16.8.2006	Hús 5	Fannst í vestur - hluta hússins.				
X	Y	Z				
225,65	171,6	18,72				
85	Grýta Efniviður Kléberg	M-lag	-	1	62,0	
Dags	Mannvirki	Athugasemdir				
17.8.2006	Hús 5	Fannst í vegg eða þar sem meintar dyr eru á vestur langvegg.				
X	Y	Z				
223,60	169,5	19,14				
86	Skrautsteinn Efniviður Glerhallur	M-lag	-	1	99,3	
Dags	Mannvirki	Athugasemdir				
17.8.2006	Hús 5	Fannst í vegg eða þar sem meintar dyr eru á vestur langvegg.				
X	Y	Z				
223,40	169,40	19,13				
87	Skrautsteinn Efniviður Steinn	Gólf?	-	1	24,3	
Dags	Mannvirki	Athugasemdir				
17.8.2006	Hús 5	Mjög ávalur (lábarinn).				
X	Y	Z				
227,65	171,88	18,76				
88	Kljásteinn Efniviður Steinn	M - Lag	-	1		
Dags	Mannvirki	Athugasemdir				
18.8.2006	Hús 5	Fannst utan við torfvegg, skammt suður af dyrum á austurvegg. Á svipuðum slóðum fundust kljásteinar nr. 89 og 90.				
X	Y	Z				
224,58	178,25	19,02				
89	Kljásteinn Efniviður Steinn	M - Lag	-	1		
Dags	Mannvirki	Athugasemdir				
18.8.2006		Fannst utan við dyr að austan. Á svipuðum slóðum fundust kljásteinar nr. 88 og 90.				
X	Y	Z				
226,30	178,00	18,80				
90	Kljásteinn Efniviður Steinn	M - Lag		1	192,9	
Dags	Mannvirki	Athugasemdir				
18.8.2006		Fannst utan við torfvegg, skammt suður af dyrum á austurvegg. Á svipuðum slóðum fundust kljásteinar nr. 88 og 89.				
X	Y	Z				
224,60	178,80	18,98				

Fundaskrá bæjarstæðis

91	Heiti Skrautsteinn	Lag M - Lag	Nr. lags 1	Fj. 1	G 6,6	Ljósmynd 
	Efniviður Glerhallur	Athugasemdir				
Dags 22.8.2006	Mannvirki Hús 5	Á seti austan við langeld.				
X 223,83	Y 173,83	Z 18,68				
92	Heiti Skrautsteinn	Lag M - Lag	Nr. lags 1	Fj. 1	G 20,8	Ljósmynd 
	Efniviður Glerhallur	Athugasemdir				
Dags 22.8.2006	Mannvirki Hús 5	Á seti austan við langeld.				
X 224,45	Y 174,05	Z 18,64				
93	Heiti Skrautsteinn	Lag M - Lag	Nr. lags 1	Fj. 1	G 28,4	Ljósmynd 
	Efniviður Glerhallur	Athugasemdir				
Dags 22.8.2006	Mannvirki Hús 5	Á seti austan við langeld.				
X 224,14	Y 173,87	Z 18,63				
94	Heiti Skrautsteinar	Lag M - Lag	Nr. lags 3	Fj. 3	G 143,5	Ljósmynd 
	Efniviður Steinar	Athugasemdir				
Dags 23.8.2006	Mannvirki	Fundust utan við dyr að austan.				
X Ca. 225,80	Y Ca. 178,70	Z 18,95				
95	Heiti Skrautsteinar	Lag M - Lag	Nr. lags 3	Fj. 3	G 76,2	Ljósmynd 
	Efniviður Steinar	Athugasemdir				
Dags 23.8.2006	Mannvirki	Fundust utan við dyr að austan.				
X Ca.	Y Ca.	Z 18,91				
96	Heiti Skrautsteinn	Lag M - Lag	Nr. lags 1	Fj. 1	G 61,9	Ljósmynd 
	Efniviður Steinn	Athugasemdir				
Dags 23.8.2006	Mannvirki	Fundust utan við dyr að austan.				
X 225,40	Y 178,43	Z 18,95				
97	Heiti Skrautsteinn	Lag M - Lag	Nr. lags 1	Fj. 1	G 46,1	Ljósmynd 
	Efniviður Steinn	Athugasemdir				
Dags 24.8.2006	Mannvirki	Fundust utan við dyr að austan.				
X 225,68	Y 178,48	Z 18,88				

Fundaskrá bæjarstæðis

98	Heiti	Skrautsteinn	Lag	M - Lag	Nr. lags	Fj.	1	G	21,0	Ljósmynd 	
	Efniviður	Steinn	Athugasemdir	Fundust utan við dyr a[austan.							
	Dags	Mannvirki									
	24.8.2006	Hús 5									
	X	Y	Z								
	225,63	178,80	18,87								
99	Heiti	Brýni	Lag	Gólf	Nr. lags	Fj.	1	G	73,1		
	Efniviður	Flöguberg	Athugasemdir	Fannst ofan á hellulögninni í dyrum á gaffi skálans.							
	Dags	Mannvirki									
	24.8.2006	Hús 5									
	X	Y	Z								
	218,74	168,34	18,77								
100	Heiti	Járn	Lag	Torf	Nr. lags	Fj.	4	G	14,7		
	Efniviður	Járn	Athugasemdir	Fannst nálægt SA - horni skálans að utanverðu.							
	Dags	Mannvirki									
	24.8.2006	-									
	X	Y	Z								
	218,56	170,15	19,03								
101	Heiti	Járn	Lag	Gólf	Nr. lags	Fj.	1	G	1,8	Ljósmynd 	
	Efniviður	Járn	Athugasemdir	Fannst í litilli holu í gólfinu suður af stóðarholu 2.							
	Dags	Mannvirki									
	24.8.2006	Hús 5									
	X	Y	Z								
	226,39	173,76	18,57								
102	Heiti	Járn	Lag	-	Nr. lags	Fj.	1	G	0,4	Ljósmynd 	
	Efniviður	Járn	Athugasemdir								
	Dags	Mannvirki									
	21.8.2006	Hús 5									
	X	Y	Z								
	222,90	169,10	18,82								


Ljósmyndaskrá, litskyggnur


<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
16	15	22.8.2006	SV	Snið í dyrum á suður gaffi skálans.
16	16	22.8.2006	SA	Meintar dyr á vestur langvegg.
16	17	23.8.2006	NA	Yfirlit yfir skála eftir að grafið hefur verið niður með útveggjum.
16	18	23.8.2006	NA	Yfirlit yfir skála eftir að grafið hefur verið niður með útveggjum. Blótstaðurinn í bakgrunni.
16	19	23.8.2006	NA	Yfirlit eftri miðlínu skála eftir að grafið hefur verið niður með útveggjum. Blótstaðurinn í bakgrunni.
16	20	23.8.2006	SA	Horf eftir miðjum skála. Set, gólf, langeldur, gólf, set, torfveggur og torfflyksur.
16	21	23.8.2006	SV	Horf eftir stéttinni eftir miðjum suðurhluta skálans og út um dyr á gaffi.
16	22	24.8.2006	SV	Yfirlit yfir meintar dyr á austur vegg.
16	23	24.8.2006	NA	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk. Blótstaður og Selhryggur í bakgrunni.
16	24	24.8.2006	NA	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk.
16	25	24.8.2006	NA	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk.
16	26	24.8.2006	NA	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk. Blótstaður og Selhryggur í bakgrunni.
16	27	24.8.2006	NA	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk. Blótstaður og Selhryggur í bakgrunni.
16	28	24.8.2006	SV	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk.


Ljósmyndaskrá, litskyggnur


<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Myndefni</i>
16	29	24.8.2006	SV	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk.
16	30	24.8.2006	SV	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk. Meðalfell í bakgrunni.
16	31	24.8.2006	SV	Yfirlit yfir skálann eftir að rannsókn lauk.
16	32	24.8.2006	SV	Stoðarhola 3 við suðurgaffinn. Snið.
16	33	24.8.2006	NNV	Hluti af vestur vegg og meintum dyrum t.h.
16	34	24.8.2006	SV	Stétt og dyr á suður gaffi.
16	35	24.8.2006	SA	Yfirlit yfir miðju skálans. Set, gólf, langeldur, gólf, set, torfveggur og torfflyksur.
16	36	24.8.2006	NA	Langeldur.


Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 19.07.2002	<i>Mynd nr.</i> 211	<i>Mót</i> N	<i>Mynd</i> 
<i>Myndefni</i> Loftmynd af skála.			
<i>Myndavél</i> Olympus 2040ZOOM			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 16.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 212	<i>Mót</i> NV	<i>Mynd</i> 
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir þverann skálann. Næst austur langveggur með torfi.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 16.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 213	<i>Mót</i> NV	<i>Mynd</i> 
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir þverann skálann. Næst austur langveggur með torfi.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 17.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 214	<i>Mót</i> NV	<i>Mynd</i> 
<i>Myndefni</i> Sandra Sif við vinnu.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 17.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 215	<i>Mót</i> NV	<i>Mynd</i> 
<i>Myndefni</i> Guðbjörg við vinnu			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			

Stafrænar ljósmyndir


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
17.08.2006	216	-	
<i>Myndavél</i>		<i>Myndefni</i>	
Fuji FinePix 7000		Björn við vinnu.	
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
17.08.2006	217	-	
<i>Myndavél</i>		<i>Myndefni</i>	
Fuji FinePix 7000		Sindri við vinnu.	
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
17.08.2006	218		
<i>Myndavél</i>		<i>Myndefni</i>	
Fuji FinePix 7000		Ármann við vinnu.	
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
17.08.2006	219	NA	
<i>Myndavél</i>		<i>Myndefni</i>	
Fuji FinePix 7000		Torfveggur ofan á H3.	
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
18.08.2006	220	NA	
<i>Myndavél</i>		<i>Myndefni</i>	
Fuji FinePix 7000		Yfirlit yfir skálann. Hólmslækur í bakgrunni.	
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			




Stafrænar ljósmyndir


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
18.08.2006	221	NA	
Myndefni			
Yfirlit yfir skálann.			
Hólmslækur í bakgrunni og blótstaðurinn undir Selhrygg.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
18.08.2006	222	NA	
Myndefni			
Yfirlit yfir skálann.			
Hólmslækur í bakgrunni og blótstaðurinn undir Selhrygg.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
18.08.2006	223	NA	
Myndefni			
Yfirlit yfir skálann.			
Hólmslækur í bakgrunni og blótstaðurinn undir Selhrygg.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			




Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
18.08.2006	224	NA	
Myndefni			
Dyraumbúnaður á skála. Torf sem sýnir hugsanlega göng.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			





Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
18.08.2006	225	SA	
Myndefni			
Miðhluti skálans.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			





Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 22.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 226	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Hjá dyrum á austur langvegg. Við steininn í forgrunni var lag fullt af viðarkolum og br. beinum.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 22.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 227	<i>Mót</i> A	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Dyr á austur langvegg. Horft út um þær. M-lag í dyrum.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 22.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 228	<i>Mót</i> NV	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Miðbik skálans. Sjá má austur torfvegg í forgrunni.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 22.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 229	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Dyraumbúnaður við suður gaflinn.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 23.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 230	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir skálann.			


Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
23.08.2006	231	NA	
Myndefni			
Yfirlit yfir skálann.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
23.08.2006	232	NA	
Myndefni			
Yfirlit yfir suður gaffinn og dymar þar út.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
23.08.2006	233	SA	
Myndefni			
Yfirlit yfir langeldinn og hliðarskipið þar á bak við.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
23.08.2006	234	SV	
Myndefni			
Yfirlit yfir suður gaffinn og dymar þar út.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			


Staður	Sveitarfélag	Tákntala	Sýsla
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
Dags	Mynd nr.	Mót	
24.08.2006	235	NV	
Myndefni			
Dyr á austur langvegg.			
Myndavél			
Fuji FinePix 7000			
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			


Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 24.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 236	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir skálann.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 24.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 237	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir skálann.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 24.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 238	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir skálann.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 24.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 239	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir skálann.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 240	<i>Mót</i> NV	
<i>Myndefni</i> Torfveggur og afskurður utan við hann.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 241	<i>Mót</i> NV	
<i>Myndefni</i> Torfveggur og afskurður utan við hann.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 242	<i>Mót</i> NNV	
<i>Myndefni</i> Dyr við austur langvegg. Þarna gæti viðbygging leynst.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 243	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir suður galf og dyr þar út.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 244	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir skálann.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 245	<i>Mót</i> NA	
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir skálann, lækinn og blótstaðinn.			
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			


Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
25.08.2006	246	NA	
<i>Myndefni</i>			
Yfirlit yfir skálann, lækinn og blótstaðinn.			
<i>Myndavél</i>			
Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
25.08.2006	247	NA	
<i>Myndefni</i>			
Yfirlit yfir skálann og lækinn.			
<i>Myndavél</i>			
Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
25.08.2006	248	SV	
<i>Myndefni</i>			
Yfirlit yfir suðurhluta skálans.			
<i>Myndavél</i>			
Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
25.08.2006	249	SV	
<i>Myndefni</i>			
Yfirlit yfir suðurhluta skálans.			
<i>Myndavél</i>			
Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			


<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Hólmur	Hornafjörður	7708	A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>	
25.08.2006	250	SV	
<i>Myndefni</i>			
Yfirlit yfir suðurhluta skálans.			
<i>Myndavél</i>			
Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			


Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 251	<i>Mót</i> SV	<i>Mynd</i> 
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir dyrnar á suðurgafli.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 252	<i>Mót</i> SA	<i>Mynd</i> 
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Stoðarhola í SA-horni skálans (stoð 3).			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 253	<i>Mót</i> SA	<i>Mynd</i> 
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Stoðarhola í SA-horni skálans (stoð 3).			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 254	<i>Mót</i> NA	<i>Mynd</i> 
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir langeldinn og næsta umhverfi.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 255	<i>Mót</i> SA	<i>Mynd</i> 
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir langeldinn og næsta umhverfi.			


Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 256	<i>Mót</i> SA	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir langeldinn og austur langvegg.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 257	<i>Mót</i> SA	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Yfirlit yfir langeldinn.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 258	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Gugga, Sandra og Inga að hefja hreinsun á verkfærum.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 259	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Gugga, Sandra og Inga að hefja hreinsun á verkfærum.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 260	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Gugga og Sandra þyrstar.			


Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 261	<i>Mót</i> S	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Gugga, Inga og Sandra þyrstar.			


<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 262	<i>Mót</i> SA	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Gugga, Inga og Sandra þyrstar.			

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 263	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Manni fer í kallt bað.			

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 264	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Manni kemur úr köldu baði.			

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 265	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Manni kemur úr köldu baði.			

Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i> Hólmur	<i>Sveitarfélag</i> Hornafjörður	<i>Tákntala</i> 7708	<i>Sýsla</i> A-Skaftafellssýsla
<i>Dags</i> 25.08.2006	<i>Mynd nr.</i> 266	<i>Mót</i> V	
<i>Myndavél</i> Fuji FinePix 7000			
<i>Ljósmyndari</i> Bjarni F. Einarsson			
<i>Myndefni</i> Manni kemur úr köldu baði.			